

ÁRSRIT | Menntamálastofnunar 2020



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
I. ÁRANGUR AF MARKMIÐASETNINGU Í STEFNUMIÐAÐRI ÁÆTLUN 2020-2022: STAÐA ÁRANGURSMÆLIKVARÐA	5
II. ALMENN STARFSEMI: KJARNASTARFSEMI, REKSTRARÞÆTTI OG AÐRAR ÁHERSLUR. . . .	8
III. FJÁRHAGSLEG AFKOMA: ÁRSREIKNINGUR . .	10
IV. FRAMVINDA OG ÁRANGUR AF ÁHERSLUVERKEFNUM	11
Efning læsis	11
Markmið og verkefni á sviði framhaldsskólamála	15

Ársskýrsla Menntamálastofnunar 2020

Umsjón: Gunnhildur Steinarsdóttir

Umbrot og hönnun: Menntamálastofnun

Ábyrgðarmaður: Arnór Guðmundsson

Inngangur

Árið 2020 var fimmta heila starfsár Menntamálastofnunar og markar tímamót í starfsemi stofnunarinnar hvað varðar verkefni og stöðu.

Menntamálastofnun hefur séð um framkvæmd verkefnisins *Þjóðarsáttmáli um læsi* en fyrsti áfangi þess var til fimm ára og lauk því árið 2020. Drógust framlög til verkefnisins saman um 40 m.kr. á þessu ári og reyndist óhjákvæmilegt að fækka starfsfólki sem vann við verkefnið vegna þessa. Áfram var þó haldið með kjarnaaðgerðir læsisverkefnisins, fyrir- lögn og þróun stöðuprófa, ráðgjöf til sveitarfélaga og skóla og gerð stuðningsefnis á Læsisvef. Mjög góður árangur hefur náðst í nýtingu lesfímiprófa sem lögð eru fyrir um 90% grunnskólanema þrisvar á ári. Lesfímiprófin eru hluti af matstækjum *Lesferils* sem mun einnig ná til málsskilnings, hljóðkerfisvitundar, ritunar, unnið hefur verið að þróun matstækja fyrir leskilning, hljóðkerfisvitund o.fl.,. Menntamálastofnun vann matsskýrslu um verkefnið þar sem lagt var til að því yrði haldið áfram með vissum áherslubreytingum. Óvissa var um framhald verkefnisins út árið sem olli vandkvæðum í allri áætlanagerð og starfsmannahaldi. Framlög til verkefnisins voru tekin úr ramma stofnunarinnar en mennta- og menningarmálaráðuneytið ákvað að veita framlag til ákveðinna þátta þannig að hluta læsisverkefnisins verður fram haldið.

Unnið var að náms- og gæðamati með ytra mati í leik-, grunn- og framhaldsskólum og fyrir- lögn samræmdra prófa í 4., 7. og 9. bekk með hefðbundnum

hætti á árinu. Umræða hefur átt sér stað um framtíðar stefnumörkun og hlutverk ríkis og sveitarfélaga um mat á gæðum í leikskólum og grunnskólum. Að mati Menntamálastofnunar er tímabært að endurskoða fyrirkomulag samræmds námsmats, gæðamats á skólum og ábyrgðarsvið ríkis og sveitarfélaga hvað þetta varðar. Tekur stofnunin þar undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar í [skýrslu um stjórnsýsluúttekt á Menntamálastofnun](#) sem unnin var árið 2020. Til að unnt sé að þróa samræmt námsmat er nauðsynlegt að byggðir séu upp innviðir með nýju prófakerfi og endurskoðun prófanna. Er *Lesferill* – safn stöðuprófa fyrir læsi – þar möguleg fyrirmynd sem þróa mætti frekar. Enn fremur er nauðsynlegt að huga að samræmingu námsmats í framhaldsskólum og eflingu gæðamats á því skólastigi í tengslum við styttingu náms til stúdentsprófs og þróun starfsnáms.

Það er áhyggjuefni að frá því að Menntamálastofnun tók til starfa hefur smám saman dregið úr námsgagnaútgáfu sem birtist í fækkun á fjölda titla sem gefnir eru út árlega. Má það rekja til þess að uppbygging innviða vegna ýmissa nýrra verkefna sem stofnuninni hafa verið falin, án fullnægjandi fjárveitinga, hefur tekið til sín fjármagn sem áður rann til námsgagnaútgáfu. Eins hafa grunnframlög til námsgagna- gerðar ekki haldið í við aukinn kostnað. Hefur það leitt til þess að þróun stafrænnar útgáfu hefur verið í lágmarki. Þó náðist nokkur árangur í stafrænni þjónustu með opnun Fræðslugáttar, vefgáttar fyrir stafrænt

efni, sem opnuð var til að auka aðgengi að efni vegna heimsfaraldurs Covid-19. Gildir það sama um námsgögn og náms- og gæðamat að endurskoða þarf fjármögnun og hlutverkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Af öðrum mikilvægum verkefnum sem Menntamálastofnun sinnir má nefna eflingu þjónustu við börn með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT nemendur). Hefur Menntamálastofnun lagt aukna áherslu á gerð námsefnis fyrir þennan hóp og einnig vann stofnunin að endurskoðun kafla aðalnámskrár grunnskóla fyrir íslensku sem annað tungumál. Einnig hefur stofnunin fengið aukið hlutverk í þróun starfsnáms á framhaldsskólastigi og vinnu með starfsgreinaráðum.

Starfsemi og skipulag Menntamálastofnunar var tekið til sérstakrar skoðunar í [stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Menntamálastofnun](#) sem unnin var á árinu 2020. Sameining Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar í nýja stofnun og flutningur stjórnsýsluverkefna frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til nýrrar stofnunar tók gildi þegar Menntamálastofnun tók formlega til starfa þann 1. október 2015.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir:

Að mati Ríkisendurskoðunar er enn of snemmt að leggja afgerandi mat á árangur sameiningarinnar og þau samlegðaráhrif sem hún átti að hafa. Sameiningarferlið var flókið og það reyndist krefjandi að samræma stofnana- menningu og starfshætti eldri stofnananna. Óánægja

ríkti með sameininguna meðal hluta starfsfólks og starfsmannavelta var mikil í fyrstu, sem dæmi má nefna að fjórðungur starfsfólks hætti á fyrsta starfsári Menntamálastofnunar. Síðan þá hefur stöðugleiki í starfsmannahaldi aukist og starfsánægja sömuleiðis. Það má því segja að stofnunin sé loks að komast í jafnvægi og líklegt að á næstu árum muni samlegðaráhrif koma betur í ljós. (bls. 6)

Árið 2019 hafði stofnunin náð góðum árangri í að bæta starfsánægju og hafði náð 14. sæti í mælingum Stofnun ársins, færest upp um rúmlega 60 sæti á tveimur árum. Afstaða hagsmunaaðila til stofnunarinnar var líka jákvæð eins og kemur fram í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar:

Það er mat þeirra hagsmunaaðila sem Ríkisendurskoðun ræddi við að Menntamálastofnun nú sé ólík þeirri stofnun sem hún var í byrjun. Fagmennska einkenni störf hennar og hún veiti betri þjónustu sem heildstæð stofnun en mögulegt var í fyrra skipulagi. Í spurningakönnun Ríkisendurskoðunar meðal skólastjórnenda kom fram mikil ánægja með fagleg samskipti við stofnunina en 97,5% þeirra sem tóku afstöðu voru mjög eða frekar ánægð með samskiptin. (bls. 25)

Til þess að viðhalda góðum árangri er nauðsynlegt að vinna stöðugt að umbótum í starfsemi og skipulagi. Því miður reyndist svigrúm til þróunar starfsemi Menntamálastofnunar vera takmarkað á árinu 2020. Staða forstjóra var auglýst að loknu fyrsta fimm ára skipunartímabili og ríkti óvissa um framhald skipunarinnar

fram í ágúst. Einnig voru rekstur og mannauðsmál mjög krefjandi. Mikilvægur grunnur að endurbótum á skipulagi og starfi Menntamálastofnunar liggur, eins og Ríkisendurskoðun bendir á, í þeim ramma sem stofnuninni er settur í lögum og reglugerð og verkaskiptingu milli hennar og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Eðlilegt væri að slíkur rammi og verkaskipting væri settur í reglugerð um Menntamálastofnun en slík reglugerð hefur ekki enn verið sett.

Ákall er frá skólum og sveitarfélögum um öfluga þjónustu og innviði í þágu menntunar. Menntamálastofnun gegnir þar mikilvægu hlutverki sem áfram þarf að þróa og efla.

Arnór Guðmundsson
forstjóri

I. Árangur af markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2020–2022: staða árangursmælikvarða

1. Kjarnastarfsemi					
Markmið 1			Tengist markmiði málaflokks		
Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri.			Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda svo þeir geti náð færni til að taka virkan þátt í samfélaginu og stunda áframhaldandi nám.		
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2018	Staða 2019	Viðmið 2020	Staðan 2020
Hlutfall þeirra sem ná lágmarksviðmiðum í lestri.	PISA-rannsókn í lesskilningi, hlutfall nemenda sem nær 2. stigi eða hærra, greint eftir kynjum.	Hlutfall nemenda sem náði 2. stigi eða hærra var 78%, 71% drengja og 84% stúlkna (2015).	Hlutfall nemenda sem nær 2. stigi eða hærra var 74%, 66% drengja og 81% stúlkna (2018).	Hlutfall nemenda sem nær 2. stigi eða hærra verði 83%, 75% drengja og 90% stúlkna.	Niðurstöður næstu PISA-fyrirlagnar munu liggja fyrir 2022.
Hlutfall nemenda sem nær lágmarksviðmiðum í lesfimi.	Lesfimiþróf í 9. bekk í Lesferli. Miðað er við stöðu í lok skólaárs.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem náði lágmarksviðmiðum 71%.	Hlutfall nemenda í 9. bekk sem náði lágmarks viðmiðum er 72%.	Hlutfall nemenda sem nær lágmarks viðmiðum verði 75% í 9. bekk.	Hlutfall nemenda sem nær lágmarksviðmiðum er 71%.
Hlutfall nemenda sem nær að lágmarki B í samræmdum könnunarþrófum.	Samræmd könnunarþróf í 9. bekk í íslensku.	Hlutfall nemenda sem nær að lágmarki B í samræmdum könnunarþrófum í 9. bekk. Ekki voru unnar niðurstöður vegna íslensku árið 2018.	Hlutfall nemenda sem nær að lágmarki B í samræmdum könnunarþrófum í 9. bekk er 51% í íslensku.	Hlutfall nemenda sem nær að lágmarki B í samræmdum könnunarþrófum í 9. bekk verði 52% í íslensku.	Hlutfall nemenda sem nær að lágmarki B í samræmdum könnunarþrófum í 9. bekk er 55% í íslensku.

Fyrsta markmið samkvæmt stefnumiðaðri áætlun 2020-2022 var að fleiri grunnskólanemendur hefðu við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri. Miðað við niðurstöður PISA eru íslenskir nemendur töluvert langt frá því að ná settum viðmiðum og munar það um 10 prósentustigum. Í lesfimi munar einungis 1 prósentustigi að viðmið náist og fleiri náðu tilskildum viðmiðum í samræmdum könnunarþrófum í íslensku en áætlað var.

Markmið 2			Tengist markmiði málaflokks		
Auka samræmi námsgagna við aðalnámskrá og fjölbreytni í gerð og miðlun þeirra.			Auka gæði námsgagna. Fjölga námsgögnum sem gefin eru út í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013, þ.m.t. stafræn námsgögn og námsgögn fyrir nemendur sem nota táknmál.		
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2018	Staða 2019	Markmið 2020	Staðan 2020
Framboð af námsgögnum fyrir nemendur sem nota táknmál (fjöldi titla).	Útgáfuskrá	5	9	11	8
Framboð á námsefni fyrir ÍSAT nemendur (fjöldi titla).	Útgáfuskrá	0	1	2	Undirbúningur undir útgáfu aðlagðs námsefnis með nýtingu almenns grunnefnis.
Framboð á stafrænu efni og miðlun myndefnis til skóla í samstarfi við opinbera aðila og einkaaðila.	Frumunnið stafrænt efni og myndefni aðgengilegt í vefgátt, fjöldi aðgengilegra titla.	0	2	20	5

Annað markmið áætlunarinnar var að fjölga námsgögnum sem gefin eru út í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011 og 2013, með áherslu á stafrænt efni, námsgögn fyrir nemendur sem nota táknmál og efni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku (ÍSAT). Nokkur árangur hefur náðst í útgáfu titla fyrir táknmálsnemendur. Titlar fyrir ÍSAT nemendur eru enn fáir en verið er að undirbúa aðlögun á öðru efni fyrir þann hóp. Gefnir voru út 5 titlar af frumunnu stafrænu efni sem er minna en viðmið sögðu til um. Vegna Covid var megináhersla á stafræna endurgerð við miðlun eldra efnis á Fræðslugátt.

Markmið 3			Tengist markmiði málaflokks		
Aukin upplýsingagjöf og þjónusta við nemendur vegna starfsnáms.			Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi.		
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2018	Staða 2019	Viðmið 2020	Staðan 2020
Starfsnámsbrautir skilgreindar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og menntatölfræði aðgengileg samkvæmt þeim.	Merkingar námsbrauta í Innu.	Ólokið	Ólokið	Merkingu lokið.	Í vinnslu
Fjöldi lýsinga á námsleiðum í starfsnámi aðgengilegur fyrir nemendur og náms- og starfsráðgjafa vegna námsvals.	Námslýsingar úr gagnasafni MMS aðgengilegar á vef.	Í vinnslu	Í vinnslu	Allar staðfestar brautir.	Upplýsingar aðgengilegar á vef MMS.

Priðja markmið áætlunarinnar var að auka upplýsingagjöf og þjónustu við nemendur vegna starfsnáms. Námsbrautarlýsingar hafa verið gerðar aðgengilegar á vef Menntamálastofnunar. Viðræður hafa verið við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem hefur haldið úti vef um námsframboð þar sem má finna lýsingar á námsleiðum í starfsnámi. Aukin áhersla hefur verið á birtingu tölfræði um starfsnám sem byggir á alþjóðlegri flokkun náms. Hins vegar er ólokið aðgerðum sem tengjast merkingu námsbrauta í Innu og uppbyggingu nýs gagnagrunns fyrir námsbrautarlýsingar framhaldsskóla og framhaldsfræðslu en það verkefni er unnið í samstarfi við Hagstofu.

II. Almenn starfsemi: kjarnastarfsemi, rekstrarþætti og aðrar áherslur.




2. Rekstrarþættir					
Markmið 1	Menntavera, aukin stafræn þjónusta, samstarf og upplýsingagjöf við stjórnvöld, skólasamfélagið og aðra hagaðila.				
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2018	Staða 2019	Viðmið 2020	Staðan 2020
Fjöldi grunnskraá í Menntaveru.	Afrakstur vinnuhópa og ráðgjafa	Ekki hafið	Ekki hafið	1	Vinna við gagnagrunn um starfsleyfi kennara og samræmdar einkunnir hafin.
Fjöldi eyðublaða í Þjónustugátt.	Afrakstur vinnuhópa og ráðgjafa	Ekki hafið	Ekki hafið	2	Hafið
Innritunarkerfi á Ísland.is.	Afrakstur vinnuhópa og ráðgjafa	Ekki hafið	Ekki hafið	Hönnun	Ekki hafið
Námsbrautahönnuður á namsbraut.is	Afrakstur vinnuhópa og ráðgjafa	Ekki hafið	Ekki hafið	Hönnun	Unnin skýrsla og drög að verkefnisumboði.

Markmið 2	Innleiðing verklags samkvæmt gæða- og öryggisstöðlum og að stofnunin fái vottun skv. ISO-27001.				
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2018	Staða 2019	Markmið 2020	Staðan 2020
Gæðahandbók skv. ISO-9001.	Vinna gæðastjóra og starfsfólks, leiðbeiningar frá ráðgjafa, sniðmát að skjölum og staðallinn ISO-9001.	Í bið	Í vinnslu	Í vinnslu	Í vinnslu
Öryggishandbók skv. ISO 27001.	Vinna gæðastjóra og starfsfólks, leiðbeiningar frá ráðgjafa, sniðmát að skjölum og staðlarnir ISO-27001 og ISO-27002.	Í bið	Í vinnslu	Í vinnslu	Í vinnslu
Öryggisvottun skv. ISO-27001.	Vottun ISO úttektaraðila.	Í bið	Í bið	Í bið	Í bið
Jafnlaunavottun skv. ÍST-85.	Vinna mannauðsstjóra, framkvæmdastjórnar, starfsfólks og staðallinn ÍST-85.	Í vinnslu	Lokið		Vottun

III. Fjárhagsleg afkoma: ársreikningur

Yfirlit um afkomu ársins 2020	2020	2019	Breyting
Tekjur samtals			
Framlög ríkissjóðs.....	978.300.000	1.009.800.000	- 31.500.000
Seld þjónusta.....	22.134.400	11.026.520	11.107.880
Vörusala.....			-
Aðrar tekjur.....	145.787.344	198.854.887	- 53.067.543
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára.....	9.969.026	11.139.079	- 1.170.053
Tekjur samtals	1.156.190.770	1.230.820.486	- 74.629.716
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	687.403.669	672.663.851	- 14.739.818
Framlög og tilfærslur.....			-
Annar rekstrarkostnaður.....	492.497.582	574.089.059	81.591.477
Afskriftir.....	9.969.026	11.139.079	1.170.053
	1.189.870.277	1.257.891.989	68.021.712
Afkoma fyrir fjármagnsliði	- 33.679.507	- 27.071.503	- 142.651.428
Afkoma fyrir fjármagnsliði			
Fjármunatekjur og (fjármunagjöld).....			-
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður.....		65	65
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur.....	- 50.394	- 128.409	- 78.015
	- 50.394	- 128.344	- 77.950
Afkoma ársins	- 33.729.901	- 27.199.847	6.530.054

Heildargjöld pr. svið	2020	2019	hlutfall sviða 2020	hlutfall sviða 2019
Yfirstjórn	61.059.131	57.567.931	5%	5%
Þjónustusvið	328.768.901	386.800.483	28%	31%
Miðlunarsvið	376.394.577	354.749.909	32%	28%
Matssvið	253.246.102	274.229.568	21%	22%
Greiningarsvið	170.401.566	184.544.098	14%	15%
	1.189.870.277	1.257.891.989		



Tekjur á árinu voru 168 m.kr. og lækka um 42 m.kr. milli ára en tekjur stofnunarinnar samanstanda af verkefnum sem stofnunin sinnir t.a.m. alþjóðlegum verkefnum, FS neti og ýmsum verkefnum frá ráðuneyti og öðrum innlendum aðilum.

Heildargjöld lækkuðu um 68 m.kr. sem skýrist af lækkun húsnæðiskostnaðar 54 m.kr. þar sem húsnæðisbreytingum 2019 lauk á því ári og minna var um aðkeypta þjónustu vegna ytra mats grunnskóla en úttektum fækkaði þar vegna Covid 19. Starfsmönnum fækkaði um fjóra sem leiddi til þess að launagjöld hækkuðu aðeins um 2% sem eru verulega undir hækkun launavísitölu sem nam rúmum 7% á árinu.

Afkoma innan ársins er neikvæð um 34 m.kr. og hækkar um 7 m.kr. milli ára. Framlög og tekjur lækka samtals um 75 m.kr. en lækkun gjalda um 68 m.kr. sem skýrir aukinn halla innan ársins. Eigið fé í árslok 2020 var neikvætt um -26 m.kr.

IV. Framvinda og árangur af áhersluverkefnum

Í þessum kafla verður greint nánar frá framvindu og árangri þeirra verkefna sem unnið hefur verið að samkvæmt fjármálaáætlun 2020-2024. Í áætluninni koma fram þrjú megin áhersluverkefni sem Menntamálastofnun vann að á árinu 2020.



1. Fleiri grunnskólanemendur hafi við lok grunnskóla náð lágmarksviðmiðum í lestri.
2. Auka samræmi námsgagna við aðalnámskrá og fjölbreytni í gerð og miðlun þeirra.
3. Aukin upplýsingagjöf og þjónusta við nemendur vegna starfsnáms.

Efling læsis

Menntamálastofnun hefur unnið að þeirri áherslu stjórnvalda að bæta lestrargetu og læsi nemenda með framkvæmd verkefnisins [Þjóðarsáttmáli um læsi](#) og einnig með reglulegu námsmati og ytra mati á skólum.

Þjóðarsáttmáli um læsi – læsisverkefni Menntamálastofnunar

Á haustdögum 2015 undirrituðu Menntamálastofnun, 74 sveitarfélög, fulltrúar MRN og Heimils og skóla undir *Þjóðarsáttmála um læsi*. Samkvæmt sáttmálanum bar Menntamálastofnun að veita sveitarfélögum stuðning og ráðgjöf, láta skólum í té skimunarpróf, aðstoða kennara í sveitarfélögum við að greina niðurstöður mælinga og ákveða aðgerðir í kjölfarið, reka virka upplýsingagátt þar sem þekkingu um læsi væri miðlað til skólasamfélagsins og efna til árlegrar námsstefnu um læsi. Í kjölfarið var mótuð fjögurra liða aðgerðaáætlun sem læsisteymi Menntamálastofnunar var ætlað að framkvæma innan fimm ára frá undirritun þjóðarsáttmálans en verkefninu

lauk 1. október 2020. Í mars kom út [skýrsla](#) vegna innra mats verkefnisins en í skýrslunni er farið yfir það sem áunnist hefur á tímabilinu en einnig þær áskoranir sem enn eru til staðar varðandi eflingu læsis.

Lesferill

Lesferill er safn matstækja ætlað skólum sem vilja leggja mat á stöðu læsis nemenda og bregðast við í samræmi við niðurstöður. Matstækin sem liggja fyrir í dag meta stöðu lesfimi nemenda, stöðu hljóðaaðferðar (lestur orðleysa) og sjónrænan orðaforða nemenda. *Leið til læsis – lesskimun* fyrir 1. bekk er einnig undir *Lesferli* en hún metur stöðu málskilnings, hljóðkerfisvitundar og stafaþekkingar. Notkun prófanna er nú orðin mjög útbreidd.

Læsisvefurinn var opnaður í febrúar 2020 en hann inniheldur ýmsar aðferðir, verkfæri og bjargar fyrir kennara sem nú geta brugðist við niðurstöðum úr prófum *Lesferils* með fjölbreyttari hætti en áður, kjósi þeir að nota efni vefsins. Gert er ráð fyrir reglulegri útgáfu nýs efnis á vefnum.

Á vordögum 2020 hófst vinna við þýðingu nýs matsramma fyrir lesfimi og gerð leiðbeininga en gert er ráð fyrir að matsramminn komi út á vorönn 2021. Verið er að þróa matsramma fyrir ritun en haustið 2020 hófst vetrarlöng samvinna Menntamálastofnunar við um 90 kennara víðs vegar að af landinu, við fyrstu forprófun rammans. Þeirri vinnu lauk vorið 2021 en þá hefst undirbúningur



annarrar forprófunar. Samhliða þróun rammans er unnið að ýmsu efni sem styður við innleiðingu hans s.s. handbók, hugtakaskrá, fræðsluefni og ýmsum amboðum til notkunar í ritunarkennslu.

Haustið 2020 fór af stað þróunarverkefnið *Lesferill: Mat, greining og lestrarkennsla* í samstarfi við starfsfólk tveggja skólaskrifstofa sem þjóna sex sveitarfélögum og tíu grunnskólum. Verkefninu er ætlað að festa í sessi verklag sem felur í sér ákveðin vinnubrögð við mat, greiningu og skipulag sem ætlað er að leiða til árangursríkari lestrarkennslu og þar af leiðandi aukinnar lestrarfærni grunnskólanema. Leiðarljós verkefnisins er sjálfbærni og eru vonir bundnar við að samvinna skólaskrifstofa og skóla, ásamt samvinnu milli skóla, leiði til þess að verklagið nái að festast í sessi með sjálfbærum hætti.

Skólagátt

Skólagátt hýsir öll gögn vegna *Lesferils* og er gáttin í stöðugri þróun svo hún megi þjóna skólasamfélaginu með fullnægjandi hætti. *Skólagátt* er gagnagrunnur sem heldur utan um niðurstöður prófa hjá nemendum, bæði niðurstöður úr *Lesferli* og samræmdum könnunarprófum, sem nýtast skólum í starfi sínu með nemendum.

Vitundarvakning

Menntamálastofnun var sem fyrr þátttakandi í verkefninu *Sögur* en því er ætlað að styrkja barnamenningu á Íslandi. Samstarfsaðilar verkefnisins eru margir og ber þar helst að nefna KrakkaRÚV, Borgarbókasafnið, Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO og List fyrir alla en þessir aðilar ásamt Menntamálastofnun eiga sæti í framkvæmdastjórn *Sagna*. Helsta verkefni MMS er að gefa út *RISAstórar smásÖGUR* á rafbókarformi en

bókin inniheldur 20 smásögur eftir 6-12 ára börn. Útgáfan þetta árið var með aðeins veglegri hætti en fyrri ár þar sem Bergrún Íris Sævarsdóttir myndhöfundur var fengin til að myndskreyta bókina.

Sumarlesturinn var á sínum stað þetta árið og var hann í formi lestrarlandakorts þar sem markmiðið var að lesa sem fjölbreyttastar tegundir texta. Gefin voru út tvö, annað kort fyrir yngri og hitt fyrir eldri börn og sem fyrr kom sumarlesturinn út á íslensku, pólsku og ensku.

Foreldrasamstarf

Unnið er að gerð fræðsluefnis fyrir skóla sem vilja útbúa eigin fræðslu fyrir foreldra. Efnið mun samstanda af handbókum, myndböndum, hljóðskrá og fleira sem hægt er að nota til að útbúa öflugra fræðslu. Gert er ráð fyrir að þeir skólar sem hyggjast fara í gerð eigin fræðslu geti leitað til læsisráðgjafa til að fá stuðning við gerð efnisins og/eða endurgjöf á eigin útfærslu.

Samræmd könnunarpróf 2020

Dagana 10.-12. mars voru samræmd könnunarpróf lögð fyrir 9. bekk grunnskóla. Fyrir prófatímabilið voru gerðar sérstakar viðbragðsáætlanir sökum yfirvofandi röskunar á skólastarfi annars vegar vegna Covid-19 farsóttarinnar og hins vegar verkfalla starfsfólks í grunnskólum. Ekki kom þó til þess að grípa þyrfti til ráðstafana vegna þessara þátta en slæmt veður á Norðurlandi gerði það að verkum að nýta þurfti varaprófdaga í átta skólum þar sem nemendur komust ekki á prófstað þegar stærðfræðiprófið var haldið, þann 11. mars. Alls tóku 3833 nemendur próf í íslensku, 3836 próf í stærðfræði og 3915 próf í ensku. Sótt var um stuðningsúrræði fyrir um 33% nemenda.





Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir 7. bekk dagana 24. og 25. september og fyrir 4. bekk þann 30. september og 1. október. Þar sem Covid-19 farsóttin geislaði enn þurftu 11 skólar að fresta próftöku hjá öðrum eða báðum árgöngum. Voru próf hjá þessum skólum haldin á varaprófdögum en Menntamálastofnun bauð upp á fleiri varaprófdaga en venjulega, í tveimur skólum þurfti til að mynda að fresta prófum hjá báðum árgöngum. Alls tóku 4.341 nemandi í 7. bekk próf í íslensku og 4.371 próf í stærðfræði en í 4. bekk þreytti 4.180 nemandi próf í íslensku og 4.245 próf í stærðfræði. Skráningar í stuðningsúrræði voru á bilinu 32-33% hjá báðum árgöngum.

Hefð hefur skapast fyrir því að senda kannanir til skólastjórnenda til að kanna mat þeirra á hvernig framkvæmd prófanna tókst til. Árið 2020 voru þó ekki sendar slíkar kannanir. Ákveðið var að sleppa því til að bæta ekki á álagið í skólunum. Skólastjórar og annað starfsfólk skóla hafði í nægu að snúast vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Hins vegar er það mat starfsfólks stofnunarinnar að framkvæmd allra prófanna hafi almennt gengið vel og mátti þar helst þakka góðu skipulagi og ekki síst farsælu samstarfi við skólana í kringum fyrirlagnirnar.

Leikskólamál - Snemmtæk íhlutun

Menntamálastofnun fór af stað haustið 2018 með þróunarverkefnið *Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi* í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur. Mikil ánægja og árangur varð með innleiðingarferlið í Mosfellsbæ og Fjarðabyggð en ekki síst hvernig áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum. Tekin hefur verið ákvörðun að halda verkefninu áfram og bjóða fleiri sveitafélögum og

leikskólum þátttöku. Afurðir þess eru öllum leikskólum í landinu aðgengilegar á fræðslugátt.is undir leikskólastig.

Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT) og önnur verkefni tengd fjölmenningu og fjöltyngdum börnum

Í ársskýrslu 2018 voru nefndar átta tillögur að aðgerðum sem mælt var með að í yrði ráðist í framhaldi af greiningu á stöðu grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál sem unnin var hjá Menntamálastofnun. Hér að neðan er fjallað um þær aðgerðir sem Menntamálastofnun vann að á árinu.

Aðgerðirnar sem mælt var með að farið væri í eru átta talsins og lúta að:

- Nauðsynlegum breytingum á aðalnámskrá grunnskóla í íslensku sem öðru tungumáli.

Vinna við endurskoðun kafla 19.3 í aðalnámskrá grunnskóla dróst þar sem ráðuneytið hafnaði drögum sem skilað var í júní 2020. Breytingar sem gerðar voru fólu í sér að gera tillögu að þremur stuttum köflum um fjöltyngi, móttöku og menningarhæfni. Ráðgert er að þeir fari inn í 7. kafla almenns hluta aðalnámskrár grunnskóla auk endurnýjaðs kafla um íslensku sem annað tungumál 19.3. Fjölmargir sérfræðingar og hagsmunaaðilar rýndu drögin að námskrárköflunum. Hefti með dýpri umfjöllun um íslensku sem annað tungumál í grunnskóla hefur verið unnið samhliða gerð námskrárkaflans. Áætlað er að heftið fari á vef MMS.

Endurskoðun umfjöllunar um fjöltyngd börn í aðalnámskrá leikskóla lauk haustið 2020 og hún fór í framhaldi í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Horfið var frá því að hafa umfjöllunina í einum kafla heldur var henni dreift um námskrána. Einnig voru unnir *Hæfniramar í íslensku*



fyrir fjöltyngd börn í leikskóla sem gerðir hafa verið aðgengilegir á vefsíðu MMS.

- Gerð handbókar fyrir kennara og sértæks námsefnis sem hentar ÍSAT nemendum betur en námsefni sem ætlað er öllum nemendum.

Unnið var að undirbúningi nýs námsefnis í íslensku sem öðru tungumáli öðru námsefni sem hentar nemendum með íslensku sem annað tungumál og handbókar/vefs hjá MMS á grunni endurskoðaða námskrárkaflans.

- Próun matstækja sem meta stöðu og framfarir ÍSAT nemenda og þjálfra sérfræðinga í notkun þeirra.

Vinnu við gerð matstækja í íslensku sem öðru tungumáli var frestað árið 2020 en eðlilegt er að slík vinna fari af stað eftir að endurskoðaður kafli í ÍSAT tekur gildi og matið byggt á hæfni- og matsviðmiðum námskrárinnar.

Menntamálastofnun tók við og birti á vef sínum *Stöðumat fyrir nýkomna erlenda nemendur* sem þýtt var úr sænsku hjá sveitarfélaginu Árborg, Hafnarfirði og Reykjaneshæ.

Í *Drögum um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn* sem unnin voru af starfshópi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2019-2020 er gerð tillaga um að teymi sérfræðinga verði ráðið til stofnunarinnar í tengslum við námsþarfir nemenda af erlendum uppruna. Drögum var skilað árið 2020.

- Útgáfu á leiðarvísi um móðurmálskennslu ÍSAT nemenda.

Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi kom út á árinu 2020 á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Mikilvægt er að haldið verði áfram að vinna að þeim aðgerðum sem lagðar voru til árið 2018 og ekki hafa enn komið til framkvæmda. Einnig er brýnt að tillögur sem fram koma í drögum að stefnu um menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði að veruleika. Staða nemendahópsins sem um ræðir er enn mjög bágborin í íslensku skólakerfi og brýnt að tillögur sem snúa að úrbótum í þágu hans verði settar í forgang.

Ytra mat


Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Val á skólum til mats er mismunandi eftir skólastigum.


Leikskólar: Sveitarstjórn sækir um að fá ytra mat á leikskóla með því að svara árlegri auglýsingu frá Menntamálastofnun.

Grunnskólar: Grunnskólar eru valdir af sérstakri verkefnisstjórn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarélaga. Mat á grunnskólum Reykjavíkurborgar fer ekki fram á vegum Menntamálastofnunar þar sem Reykjavík sér um mat á sínum skólum.

Framhaldsskólar: Bundið er í lögum að meta eigi framhaldsskóla á fimm ára fresti og ákveður mennta- og menningarmálaráðuneyti röðun skólanna.

Á árinu 2020 var ytra mat gert á fjórum leikskólum en tveimur skólum var frestað vegna Covid-19. Þrír framhaldsskólar voru metnir á árinu en þremur skólum var frestað vegna Covid-19.





Fjöldi metinna grunnskóla var 13 en 14 skólum var frestað vegna Covid-19. Í kjölfar ytra mats eru gefnar út matsskýrslur og má finna þær á vef Menntamálastofnunar ásamt ársskýrslu um ytra mat á grunnskólum.

Í þeim 13 grunnskólum sem metnir voru árið 2020 voru vettvangsathuganir í 291 kennslustund. Fram kemur að 75% metinna kennslustunda eru fræðandi og einkennast af því að kennari er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Í 13% af kennslustundum sjá matsmenn leiðbeinandi kennsluáherslur þar sem kennarinn stýrir framvindu eða skipuleggur rannsóknarmiðað nám, leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda.

Einnig kemur fram að í 63% kennslustundanna eru nemendur einir að vinna verkefni sín og námsaðstæður byggja á einstaklingsvinnu. Í 12% kennslustunda er samvinna skipulögð af kennara sem námsaðstæður alla kennslustundina og í 25% metinna kennslustunda vinna nemendur saman að hluta eða hluti nemenda vinnur saman. Fram kemur að nemendur nota upplýsingatækni að einhverju marki í 32% metinna kennslustunda en kennarar nýta upplýsingatækni við kennslu í 22% stunda. Í skýrslunni eru einnig dregnar fram vísbendingar um styrkleika og þá þætti sem betur megi fara í metnum skólum.

Ytra mati Menntamálastofnunar á grunnskólum lýkur í lok árs 2021. Þar með hafa allir grunnskólar landsins farið í ytra mat. Þá lýkur einnig samkomulagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um matið og þar með kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs. Ytra mat eins og það hefur verið framkvæmt frá árinu 2013 hefur áunnið sér sess hjá skólasamfélaginu sem mikilvægur og gagnlegur þáttur.

Markmið og verkefni á sviði framhaldsskólamála

Í samræmi við markmið um aukna upplýsingagjöf og þjónustu við nemendur vegna starfsnáms var unnið að ýmsum verkefnum á sviði starfsmenntamála. Mörkuð var sú áhersla að tölfraði starfsmenntunar sem og annars náms yrði byggð á alþjóðlegri flokkun náms. Upplýsingar um námsbrautarlýsingar og flokkun þeirra eftir námsleiðum og hæfniprepum námsloka voru gerðar aðgengilegar á vef Menntamálastofnunar.

Í maí 2020 var stofnuninni falin aukin ábyrgð á verkstjórn á þróun og innleiðingu rafrænnar ferilbókar. Á þeim tíma voru ákveðin kaflaskil í verkefninu og fyrirséð að fram undan yrði vinna að mestu um inntak ferilbókar.

Farið var af stað með skipan í faghópa fyrir einstaka starfsgreinar sem unnu að endurskoðun á inntaki vinnustaðahluta námsbrauta í starfsnámi. Á árinu var unnið að flutningi á þjónustu við starfsgreinaráð til Menntamálastofnunar og þá fól mennta- og menningarmálaráðuneytið stofnuninni að hafa umsjón með þjónustu við starfsgreinanefnd. Unnið var með starfsgreinaráðum að endurskoðun á starfalýsingum og hæfnikröfum í tengslum við áætlun um innleiðingu á rafrænni ferilbók.

Þá hefur Menntamálastofnun umsjón með þátttöku í ReferNet, evrópsku samstarfsverkefni Cedefop, sem felst í upplýsingagjöf landa innan ESB auk Íslands og Noregs, um stefnur og ríkjandi fyrirkomulag starfsmenntunar meðal framangreindra landa.

Menntamálastofnun hefur ákveðnu hlutverki að gegna varðandi innleiðingu aðalnámskrár framhaldsskóla er lýtur að undirbúningi á staðfestingu námsbrautarlýsinga. Á árinu voru staðfestar 32 námsbrautir framhaldsskóla. Á haustönn unnu sérfræðingar Menntamálastofnunar skýrslu um um endurskoðun á ferli undirbúnings á staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla ásamt því sem unnar voru tillögur um umbætur á námskrárgrunni sem heldur miðlægt utan um allar námsbrautarlýsingar.

Þá hefur Menntamálastofnun umsjón með þátttöku í evrópsku samstarfsverkefni er lýtur að innleiðingu hæfniramma um íslenska menntun.

Á árinu 2020 veitti Menntamálastofnun þremur einkareknum framhaldsskólum og 11 fræðsluaðilum viðurkenningu. Auk þess staðfesti stofnunin sex þjónustusamninga milli Reykjavíkurborgar og einkarekinna grunnskóla. Þá voru vottaðar þrjár námskrár í framhaldsfræðslu á árinu.

Alþjóðlegar rannsóknir og samstarf

Í upphafi árs stóðu Menntamálastofnun og Menntavísindasvið Háskóla Íslands sameiginlega að málstofuröðinni PISA í hnotskurn - Staða íslenskra nemenda í alþjóðlegum sambandi þar sem kafað var dýpra í niðurstöður PISA - rannsóknarinnar 2018. Haldnir voru fjórir fundir:

- Greining á stöðu lesskilnings
- Greining á stöðu læsis á náttúruvísindi
- Greining á stöðu læsis á stærðfræði
- PISA - og hvað svo?

Á vormánuðum kom út síðari hluti TALIS-skýrslu um starfshætti og viðhorf skólastjóra á unglingastigi grunnskóla og á vettvangi Eurydice-samanburðarrannsóknar

á 42 menntakerfum voru gefnar út fjölmargar skýrslur með þátttöku Íslands. Menntamálastofnun hefur einnig umsjón með upplýsingagjöf vegna Youthwiki, evrópsku samstarfsverkefni 32 landa um upplýsingagjöf um stefnumótun í æskulýðsmálum.

Greiningar og notkun gagna

Á árinu voru unnar greiningar á nemendasamsetningu í framhaldsskólum, umsóknum nýnema í framhaldsskóla, viðhorfi ungs fólks til náms úr gögnum Rannsóknar og greininga og svörum nemenda í PISA 2018 um fyrirkomulag íslenskukennslu.

Þá var einnig unnið að og gefin út heildstæð stefna Menntamálastofnunar um afhendingu gagna til birtingar og rannsókna er lýtur að nýtingu helstu gagnasafna Menntamálastofnunar, þ.e. samræmdra könnunarprófa, *Lesferils*, ytra mats leik-, grunn- og framhaldsskóla, PISA og TALIS rannsókna OECD.

Að endingu var gefin út lokaskýrsla um verkefnið *Aðgerðir gegn brotthvarfi*, þriggja ára verkefni 2016-2018 sem miðaði að því að draga úr brotthvarfi nemenda úr framhaldsskólum.

Útgáfa námsefnis

Menntamálastofnun hefur með höndum gerð og miðlun námsefnis. Áhersla stofnunarinnar er á að gefa út heildstætt gæðanámsefni sem tekur mið af aðalnámskrá grunnskóla. Útgáfan er fjölbreytt svo sem nemendabækur, verkefnabækur, vefir, hljóðbækur, hlustunaræfingar, kennsluleiðbeiningar og fleira. Síðustu ár hefur aukin áhersla verið á að koma námsefninu á rafrænt form. Nemenda- og verkefnabækur sem alla jafna eru prentaðar eru einnig aðgengilegar sem rafbækur á vef





Menntamálastofnunar. Kennsluleiðbeiningar auk handbóka eru nú eingöngu aðgengilegar á rafrænu formi. Á árinu bættust yfir 100 rafrænir titlar við það rafræna efni sem til var og er það að stórum hluta eldra efni sem komið var á rafrænt form.

Fræðslugátt

Kennarar og foreldrar stóðu frammi fyrir nýjum áskorunum á árinu vegna heimsfaraldurs. Til þess að styðja við kennara var ákveðið að koma námsefni stofnunarinnar á það form að það nýttist skólasamfélaginu sem best við þessar aðstæður. Opnaður var nýr vefur sem ber heitið [Fræðslugátt](#). Vefurinn var hugsaður til stuðnings við kennara og skóla á krefjandi tímum með takmörkunum á hefðbundnu skólahaldi. Þar geta foreldrar og nemendur einnig fundið efni sem hentar fyrir heimanám og viðfangsefni daglegs lífs.

Á Fræðslugáttinni er m.a. að finna rafrænt námsefni, upplýsingar um efni á vegum RÚV og annað efni sem nýst getur í fjarkennslu og heimanámi. Gagnlegt og áhugavert efni frá kennurum og fleiri aðilum var sett inn á gáttina en gott samstarf var við skólasamfélagið þar sem allir lögðust á eitt að skapa nemendum sem bestar aðstæður á þessum óvenjulegu tímum.

Fræðslugáttinn gefur yfirsýn yfir það námsefni Menntamálastofnunar sem til er á rafrænu formi, þar er efnið aðgengilegt á einum stað. Hún hefur verið stuðningur við kennara við að útbúa stundatöflur eða dagbækur fyrir nemendur með fjölbreyttum verkefnum og þannig auðveldað heimanám barna í sóttkví eða einangrun. Hver sem er getur sótt rafrækur, hljóðbækur og verkefni inn á gáttina og þannig hefur hún bætt tækifæri foreldra til að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna.



Útgáfa

Á árinu var áhersla á íslensku og náttúru- og samfélagsgreinar. Vinna hófst við nýtt kjarnaefni í náttúrugreinum fyrir miðstig sem nefnist *Náttúrulega* og á yngsta stigi kom út námsefni í náttúru- og samfélagsgreinum sem nefnist *Halló heimur 1*. Samvinna við aðrar stofnanir var aukin t.a.m. með útgáfu rafræns, verkefnaþaðs náms-efnis í samstarfi við Landvernd og Skógrækt ríkisins sem stuðlar að menntun til sjálfbærni og hvetur ungmenni til að láta til sín taka í málefnum náttúru og framtíðarsamfélags. Í samvinnu við Barnaheill, Umboðsmann barna og Unicef voru gefin út veggspjöld með Barnasáttmál- anum sem og handbók og annað efni í tengslum við sáttmálann. Vinna hófst við að skipuleggja verkferil fyrir útgáfu á námsefni sem snýr að heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna 4.7 um Menntun fyrir alla.

Áfram var unnið að þýðingu námsefnis yfir á táknmál í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og stjórnvalda. Hvað varðar nýjungar í íslensku á yngsta stigi kom m.a. út teiknimyndasaga og gefnir voru út tveir safn-vefir þar sem hægt er að nálgast rafrækur og verkefni í lestrarbókaflokkunum *Listin að lesa og skrifa* og *Smábók*. Ein bók bættist í hóp bóka í flokknum *Milli himins og jarðar*. Viðamiklar kennsluleiðbeiningar við *Lesrúnu 2* komu út en þar má einnig nálgast fjölmörg viðbótar- verkefni. Nýr bókaflokkur leit dagsins ljós fyrir miðstig er nefnist *Varúð hér býr ...* og komu út tvær bækur í þeim flokki. Fyrir þann nemendahóp kom einnig út nýtt les- skilningsefni sem byggir á upplestri kennara og samspili hans við nemendur meðan á lestri stendur. Út kom les- skilningsefni fyrir unglingastig sem inniheldur m.a. skýr- ingarmyndbönd. Áfram var unnið að útgáfu stærðfræði- efnis á yngsta stig með útgáfu *Stærðfræðispæjara 2*.

Stafræn framtíð

Menntamálastofnun hefur stigið markviss skref til stafrænnar framtíðar í samvinnu við Stafrænt Ísland. Stofnunin vann að því að gefa aðgang að starfsleyfum kennara og samræmdum einkunnum á Ísland.is í gegnum Strauminn (X-Road).

Google Analytics heldur utan um talningu á heimsóknum og helstu upplýsingar. Hér má sjá tölur fyrir helstu vefi Menntamálastofnunar en allar tölur miðast við 1. janúar -31. desember 2020 nema annað sé tekið fram.

Umferð á vefjum Menntamálastofnunar

Síða	Notendur	Nýir notendur	Fjöldi lota	Síðubirtingar	Meðallengd lotu	Hóphlutfall
mms.is	481.478	423.931	1.345.677	4.422.644	2:40	47,59%
vefir.mms.is	391.137	317.647	1.005.584	3.585.086	4:12	62,90%
www1.mms.is	138.529	94.248	264.683	1.121.069	4:21	48,93%
skolagatt.is	15.057	12.772	115.399	1.337.325	8:26	36,50%
namskra.is	68.974	67.459	142.627	827.174	2:55	1,02%

Mannauðsmál

Markmið Menntamálastofnunar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði er virt í hvívetna og unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, koma í veg fyrir hvers kyns mismunun og tryggja að framlag hvers og eins sé metið að verðleikum án tillits til kyns, aldurs og annarra ómálefnalegra þátta sbr. lög nr. 86/2018 og lög nr. 150/2020.

Jafnréttisáætlun

Vorið 2020 fór fram endurskoðun [jafnréttisáætlunar](#) Menntamálastofnunar. Jafnréttisáætlun Menntamálastofnunar hefur verið útfærð með skýrari hætti og fylgir henni nú aðgerðaáætlun með afmörkuðum tímaramma og ábyrgð og eftirfylgni tryggð. Áætlunin er aðgengileg á ytri vef stofnunarinnar. Jafnréttisáætlun Menntamálastofnunar var móttækin og yfirfarin af Jafnréttisstofu í maí 2020 og mat Jafnréttisstofa það svo að áætlunin uppfyllti kröfur laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Menntamálastofnunar er hluti af jafnréttisáætlun og er hún einnig aðgengileg almenningi á ytri vef stofnunarinnar.

Jafnlaunastjórnun



Stefna Menntamálastofnunar er að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Menntamálastofnun hlaut jafnlaunavottun þann 25. júní 2020 og starfrækir jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 staðalsins. Þá hefur Jafnréttisstofa veitt stofnuninni heimild til að nota jafnlaunamerkið. Vottunin nær yfir öll laun og öll kjör alls starfsfólks Menntamálastofnunar.

Jafnlaunastefna Menntamálastofnunar nær til alls starfsfólks stofnunarinnar og tekur mið af jafnlaunastaðli ÍST85, 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 ásamt viðeigandi lögum, reglugerðum og stofnanasamningum.

Stofnunin notar mannauðsmælingar HR Monitor til að fylgjast reglulega með stöðu mannauðsmála. Framkvæmdar voru tvær kannanir á árinu 2020.

Menntamálastofnun var í 52. sæti af 83 stofnunum í könnun Sameykis á stofnun ársins 2020.



ÁRSRIT | Menntamálastofnunar 2020